

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 1188/2014, um endurgreiðslu á virðisaukaskatti til aðila búsettra erlendis, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað orðsins „tollstjóra“ í 1. og 2. másl. 1. mgr. kemur: tollyfirvalda.
- b. Í stað orðsins „Tollstjóra“ í 5. másl. b-liðar 2. mgr. kemur: Tollyfirvöldum.
- c. Í stað orðanna „Tollstjóri getur“ í 3. mgr. kemur: Tollyfirvöld geta.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað orðanna „Tollstjóri staðfestir“ í 1. mgr. kemur: Tollyfirvöld staðfesta.
- b. Á eftir orðinu „vegabréfsnúmer“ í e-lið 2. mgr. kemur: , þjóðerni.
- c. 3. mgr. orðast svo: Endurgreiðsluávisun skal fylgja áreiðanleg og rekjanleg kvittun eða reikningur fyrir greiðslu. Orðin áreiðanleiki og rekjanleiki ber að skýra til samræmis við reglugerð nr. 505/2013, um rafræna reikninga, rafrænt bókhald, skeytamiðlun, skeytaþjónustu, geymslu rafrænna gagna og lágmarkskröfur til rafrænna reikninga- og bókhaldskerfa.

3. gr.

3. másl. 1. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar orðast svo: Tollyfirvöld staðfesta útflutninginn með þeim hætti sem þau ákveða og meta á hverjum tíma þá fjárhæð sem er sett til viðmiðunar þeirri framkvæmd.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað orðsins „tollstjóra“ og orðanna „hann ákveður“ í 1. másl. 1. mgr. kemur: tollyfirvöldum; og: tollyfirvöld ákveða.
- b. Í stað orðsins „tollstjóra“ í 2. másl. 1. mgr. og orðsins „tollstjóri“ í 3. másl. sömu málsgreinar kemur: tollyfirvöldum; og: tollyfirvöld.
- c. Á eftir 2. másl. 1. mgr. kemur nýr málslíður, svohljóðandi: Endurgreiðsluaðili skal láta tollyfirvöldum í té staðfestingu á endurgreiðslu á virðisaukaskatti til aðila búsettra erlendis, sé eftir því kallað.
- d. Í stað orðanna „tollstjóri samþykkti“ í 2. másl. 2. mgr. og orðsins „tollstjóri“ í 3. másl. sömu málsgreinar kemur: tollyfirvöld samþykktu; og: tollyfirvöld.
- e. Í stað orðsins „tollstjóra“ í 3. mgr. kemur: tollyfirvöldum.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. reglugerðarinnar:

Í stað orðanna „skal tollstjóri“ í 1. másl. og orðsins „tollstjóra“ í 2. másl. kemur: skulu tollyfirvöld; og: tollyfirvalda.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað orðanna „Tollstjóri hefur“ í 1. másl. kemur: Tollyfirvöld hafa.
- b. Í stað orðsins „tollstjóra“ og orðanna „hann óskar“ í 2. másl. kemur: tollyfirvöldum; og: þau óska.

Nr. 1054

7. september 2021

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 1. mgr. 43. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, öðlast gildi þegar í stað.

Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 7. september 2021.

F. h. r.

Helga Jónsdóttir.

Steinar Örn Steinarsson.

B-deild – Útgáfud.: 21. september 2021